

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2006

Guðmundur Jóhannesson og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2006. Hér verður gefið yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gerð grein fyrir öðrum niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 22 naut í árgangi 2006. Faðerni þessara nauta var nokkuð dreift þó tvö naut ættu þar flesta syni, Fontur 98027 sem átti 8 syni og Umbi 98036 sem átti 6 syni. Önnur naut sem áttu syni í þessum árgangi voru Stígur 97010 sem átti 3 syni, Glanni 98026 átti 2 og þeir Teinn 97001, Hersir 97033 og Þrasi 98052 áttu einn hver. Einkenni þessa nautaárgangs er mikil afurðasemi, sterk júgur og spenagerð en misjafnar mjaltir og breytilegt skap. Besta naut árgangsins reyndist Koli 06003 frá Sólheimum í Hrunmannahreppi.

Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna:

Dreitill 06001 frá Hrafnstöðum í Kinn.

F: Fontur 98027, m: Lilja 234, mf: Stígur 97010

Um helmingur dætra Dreitils er tvílitur. Algengastu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Allir grunnlitir nema grár koma fyrir en rauði liturinn er langalgengastur. Afurðasemi dætra Dreitils er mjög góð, sérstaklega eru efnahlutföll í mjólk há. Dætur hans eru tæplega meðalkýr að stærð, fremur bolgrannar og útlögulitlar. Malir eru frekar grannar og lítið eitt hallandi. Fótstaða er fremur gleið og kýrnar eru í meðallagi háfættar. Dætur Dreitils eru ákaflega júgurhraustar kýr með vel borin júgur þar sem júgurfasta og júgurband er mjög gott. Spenar eru meðallangir, grannir og vel settir. Mjaltir eru slakar og nokkuð ber á seinmjólka kúm sem og mismjöltum. Aðeins ber á skapgöllum.

Dreitill verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Hlíðar 06002 frá Hrauni í Sléttuhlíð.

F: Umbi 98036, m: Kría 242, mf: Sveppur 98035

Um tveir þriðju hlutar afkvæma Hlíðars eru tvílit. Allir grunnlitir koma fyrir nema grár en rauður er algengastur. Algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Hlíðars er í góðu meðallagi og þetta eru meðalstórar, fremur sterkbyggðar kýr með miklar útlögur. Malabygging er meðalgóð, fótstaða sterkleg og kýrnar eru meðalháfættar. Júgur eru í meðallagi vel borin og júgurband mjög sterkt en júgurfasta í meðallagi. Spenar eru í meðallagi langir og grannir og spenastaða góð. Mjaltir og skap eru undir meðallagi. Kýrnar eru endingargóðar.

Hlíðar verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Koli 06003 frá Sólheimum í Hrunmannahreppi.

F: Fontur 98027, m: Elsa 226, mf: Kaðall 94017

Dætur Kola eru langflestar einlitar og ber mest á svörtum lit. Af tvílitum er huppóttur litur mest áberandi. Afurðasemi dætra Kola er góð, einkum hvað varðar efnahlutföll. Kýrnar eru stórar og sterkbyggðar. Malir eru vel lagaðar, fremur flatar og fótstaða góð. Fremur háfættir gripir. Þetta eru júgurhraustar kýr með mjög vel borin júgur, afar sterkt júgurband og mjög góða júgurfestu. Spenar eru vel lagaðir og vel staðsettir en fremur stuttir og grannir. Mjaltir eru í meðallagi og kýrnar skapgóðar. Dætur Kola eru endingargóðar kýr.

Koli verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Leistur 06006 frá Kirkjulæk í Fljótshlíð.

F: Fontur 98027, m: Auðhumla 310, mf: Viti 99016

Meira en helmingur dætra Leists er tvílitur og ber mest á leistóttum eða huppóttum. Allir grunnlitir nema grár koma fram en rauður og bröndóttur eru algengastir. Afurðasemi dætra Leists er í góðu meðallagi en hlutfall verðefna í mjólk heldur neðan meðallags. Þetta eru meðalstórar kýr með boldýpt og útlögu í tæpu meðallagi. Malabygging er prýðileg og fótstaða gleið en aðeins veik að öðru leyti. Kýrnar eru meðalháfættar. Júgurgerðin er mjög góð, vel borin og sterkleg júgur með gott og greinilegt júgurband. Spenar eru vel gerðir, fremur grannir og staðsetning góð. Mjaltir eru breytilegar, aðeins er um lekar kýr en einnig ber á seinum mjöltum og mismjöltum. Skap dætra Leists er gott og þetta eru endingargóðar kýr.

Leistur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Karri 06007 frá Ystahvammi í Aðaldal.

F: Umbi 98036, m: Rjúpa 201, mf: Blakkur 93026.

Meirihluti afkvæma Karra er tvílitur og er skjöldóttur algengastur. Af grunnlitum ber mest á rauðum lit þó allir grunnlitir nema grár komi fram. Dætur Karra eru afurðasamar kýr með góð hlutföll verðefna í mjólk. Þetta eru fremur stórar kýr með góðar útlögur. Malir eru breiðar og sterklegar, lítið eitt hallandi. Fótstaða er góð og sterkleg, fremur háfættar kýr. Kýrnar eru ágætlega júgurhraustar en júgurgerð er vart nógu góð þar sem skortir á júgurfestu og þau eru ekki nægilega vel borin. Spenargerð er í meðallagi og spenar eru örliði gleitt settir. Mjaltir eru undir meðallagi og ber aðeins á seinum mjöltum og mismjöltum. Skapið er undir meðallagi.

Karri verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Baldi 06010 frá Baldursheimi í Hörgársveit.

F: Stígur 97010, m: Doppulína 221, mf: Daði 87003

Rúmlega þriðjungur afkvæma Balda er einlitur og algengasti litur er kolóttur. Af tvílitum eru huppóttur og skjöldóttur algengastir. Dætur Balda eru ágætlega afurðasamar kýr og þá sérstaklega hvað varðar verðefni. Þetta eru bolmiklar kýr með góðar útlögur og beina yfirlínu. Malir þeirra eru breiðar og sterklegar en nokkuð hallandi. Fótstaða er allgóð og kýrnar háfættar. Júgur eru vel löguð, mjög vel borin og með afbragðsgóða festu. Spenar eru fremur langir og grannir en mjög vel settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og kýrnar mjög skapgóðar.

Baldi verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Hali 06014 frá Vaðli á Barðaströnd.

F: Teinn 97001, m: Dimma 66, mf: Pinkill 94013

Um þrír fjórðu hlutar afkvæma Hala eru tvílitir og ber þar mest á hryggjóttum. Af grunnlitum ber mest á svörtum lit þó all margir gripir séu rauðir. Mjólkurlagni dætra Hala er nokkuð undir meðallagi

en hlutfall verðefna, einkum próteins, í mjólk er hátt. Þetta eru fremur stórar kýr með ágæta boldýpt og útlögur og malabygging er góð. Fótstaðan er allgóð og kýrnar í góðu meðallagi háfættar. Júgur eru vel borin og sterkleg, mikil festa og greinilegt jógurband. Spenagerð er úrvalsgóð, fremur stuttir og vel settir spenar. Mjaltir eru undir meðallagi en skap þessara kúa er allgott. Ending dætra Hala er undir meðallagi.

Hali verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Sjómaður 06017 frá Nýjabæ í Bæjarsveit.

F: Glanni 98026, m: Von 110, mf: Búi 89017

Meira en helmingur afkvæma Sjómanns eru einlit og ber þar mest á rauðum og bröndóttum þó allir litir komi fram. Af tvílit ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Dætur Sjómanns eru undir meðallagi hvað mjólkurlagni snertir en fituhlutfall í mjólk er yfir meðallagi en próteinhlutfall fyrir neðan. Þetta eru stórar og sterkbyggðar kýr, boldjúpar en útlögur fremur litlar. Yfirlína er bein og sterkleg. Malir eru í grennra lagi og hallandi. Kýrnar eru fremur nástæðar en fótstaðan sterkleg að öðru leyti og þær eru háfættar. Júgur eru ágætlega borin, jógurband greinilegt en aðeins skortir á festu. Spenagerð er góð, fremur stuttir og mjög vel settir spenar. Mjaltir eru til jafnaðar góðar þó nokkuð beri á mismjöltum. Allnokkuð er um skapgallaðar kýr í þessum hópi.

Sjómaður verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Logi 06019 frá Kristnesi í Eyjafirði.

F: Fontur 98027, m: Frekja 208, mf: Fróði 96028

Um helmingur afkvæma Loga er einlitur og er rauður litur mest áberandi meðal þeirra. Af tvílitum ber mest á huppóttum. Afurðasemi dætra Loga er góð hvað varðar mjólkurmagn, próteinhlutfall er vel yfir meðallagi en fituhlutfall er fremur lágt. Kýrnar eru fremur bollitlar og grannbyggðar með fremur veika yfirlínu. Malabreidd er í tæpu meðallagi, malirnar fremur jafnar en nokkuð hallandi. Fremur háfættar kýr. Júgurgerð er fremur góð og sérstaklega er jógurband sterkt. Spenar eru frekar vel lagaðir en fremur grannir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi þar sem talsvert ber á mismjöltum. Skap er í meðallagi og lítið ber á skapgöllum hjá þessum kúm.

Logi verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Völusteinn 06020 frá Steindyrum í Svarfaðardal.

F: Stígur 97010, m: Vala 286, mf: Bætir 91034

Tæpur helmingur afkvæma Völusteins er einlitur þar sem svartur litur er mest áberandi. Af tvílitum koma leistöttur, huppóttur og skjöldóttur oftast fram. Afurðasemi dætra Völusteins er um meðallag, bæði hvað snertir magn og hlutfall verðefna í mjólk. Þetta eru fremur stórar kýr, boldýpt og útlögur í meðallagi og yfirlína aðeins veik. Malabygging er fremur gróf, malir bæði þaklaga og hallandi til jafnaðar. Fótstaða nokkuð sterkleg og kýrnar eru háfættar. Þær eru jógurhraustar með mjög góða jógurgerð, vel borin jógur með mikla festu og greinilegt jógurband. Spenagerð er úrvalsgóð, spenar nettir og mjög vel settir. Mjaltir og skap eru um meðallag og dætur Völusteins eru endingargóðar.

Völusteinn verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kambur 06022 frá Skollagróf í Hrunamannahreppi.

F: Fontur 98027, m: Kola 188, mf: Völsungur 94006

Um helmingur afkvæma Kambs er einlitur þar sem rauður og bröndóttur eru algengastir. Af tvílitum ber mest á huppóttum og leistöttum. Afurðasemi dætra Kambs er góð hvað varðar mjólkurmagn og fituhlutfall en próteinhlutfall er um meðallag. Þetta eru fremur fínlegar kýr með boldýpt og útlögur í tæpu meðallagi en yfirlína er yfirleitt bein og sterk. Malir eru ögn grannar og fremur brattar. Fremur háfættar kýr. Júgurgerð er mjög góð, júgrin vel borin og sérstaklega er júgurband sterkt hjá þessum hópi. Spenagerð er í meðallagi en spenar vel staðsettir. Mjaltir eru afbragðsgóðar og eins eru dætur Kambs almennt mjög skapgóðar kýr.

Kambur verður tekinn til framhaldsnotkun sem nautsfaðir.

Dynjandi 06024 frá Leirulækjarseli í Borgarbyggð.

F: Stígur 97010, m: Sossa 220, mf: Kaðall 94017

Um helmingur afkvæma Dynjanda er einlitur og er rauður litur algengastur. Huppóttur og skjöldóttur eru algegnastir tvílita. Afurðasemi dætra Dynjanda er mjög góð bæði hvað varðar afurðamagn og verðefni. Þær eru fremur bollitlar en með nokkuð góða yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, hæfilega þaklaga og jafnar og fótstaða góð, háfættar kýr. Júgur eru vel löguð og vel borin og spenar í góðu meðallagi en þó fremur grannir. Mjaltir eru góðar en skap í slöku meðallagi.

Dynjandi verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Hjarði 06029 frá Hjarðarfelli á Snæfellsnesi.

F: Fontur 98027, m: Skrauta 192, mf: Punktur 94032

Rúmlega þriðjungur afkvæma Hjarða er einlitur þar sem rauðbröndóttur og bröndóttur eru algengustu litir. Af tvílitum ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Dætur Hjarða eru afurðasamar hvað varðar mjólkurmagn en verðefni eru um meðallag. Kýrnar eru í meðallagi bolmiklar og með fremur veika yfirlínu. Malir eru í meðallagi breiðar, fremur flatar og nokkuð þaklaga. Fótstaða er góð og kýrnar í meðallagi háfættar. Júgurgerð er góð, júgrin vel borin og júgurband sterkt. Spenar eru vel gerðir og mjög vel lagaðir. Mjaltir eru í slöku meðallagi og kýrnar í meðallagi skapgóðar.

Hjarði verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Darri 06031 frá Hlemmiskeiði á Skeiðum.

F: Glanni 98026, m: Laufa 428, mf: Holti 88017.

Tæplega þriðjungur afkvæma Darra er einlitur og er rauður litur algengastur. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Dætur Darra eru í meðallagi mjólkurlagnar kýr með hátt fituhlutfall í mjólk en próteinhlutfall um meðallagi. Þetta eru meðalstórar kýr með boldýpt og útlögur um meðallag en veika yfirlínu. Malir eru fremur grannar, þaklaga og hallandi. Fótstaða er nokkuð sterkleg og kýrnar í góðu meðallagi háfættar. Júgurgerð er fremur veik, skortir á festu og júgurband er ekki mjög sterkt og

Þar af leiðandi eru þau vart nægilega vel borin. Spenagerð er hins vegar með ágætum og þeir eru vel settir. Dætur Darra eru úrvalsgóðar í mjöltum og skapi.

Darri verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Víðkunnur 06034 frá Víðiholti í Reykjahverfi.

F: Prasi 98052, m: Gata 385, mf: Stígur 97010

Tæpur helmingur afkvæma Víðkunns er einlitur þar sem rauður litur er algengastur. Af tvíltum ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Dætur Víðkunns eru ágætlega afurðasamar varðandi mjólkurmagn og fituhlutfall en próteinhlutfall er um meðallag. Kýrnar eru útlögumiklar með góða malabyggingu og sterka fótstöðu. Yfirlína er einnig fremur sterk. Þetta eru fremur háfættar kýr. Júgurgerð dætra Víðkunns er frábær bæði hvað varðar lögun og festu. Júgarband afar sterkt og júgrin vel borin. Spenagerð einnig góð. Mjaltir eru um meðallag og kýrnar eru skapgóðar.

Víðkunnur verður tekinn til framhaldsnotkunar sem naufsfaðir.

Stjóri 06038 frá Lambhaga á Rangárvöllum.

F: Hersir 97033, m: Rúlla 386, mf: Skoppuson 97371

Meirihluti afkvæma Stjóra er einlitur og eru rauður og bröndóttur algengustu litir. Leistóttur og huppóttur eru algengustu tvílitir. Dætur Stjóra eru ágætlega mjólkurlagnar kýr og hlutfall verðefna í mjólk er mjög hátt. Þetta eru fremur smáar og fíngerðar kýr með litlar útlögur og boldýpt og nokkuð veika yfirlínu. Malir eru grannar og aðeins hallandi. Fótstaða er prýðileg og kýrnar yfir meðallagi háfættar. Júgurgerð er veik þar sem festa er vart næg, júgurband ekki sterkt og júgrin ekki nægilega vel borin. Spenagerð er í meðallagi en þeir eru full gleitt settir. Mjaltir eru fremur slakar og ber á seinum mjöltum sem og mismjöltum. Þá er skap þessara kúa breytilegt.

Stjóri verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Baggalútur 06039 frá Geirakoti í Flóa.

F: Umbi 98036, m: Þoka 350, mf: Stígur 97010

Um helmingur afkvæma Baggalúts er einlitur og er rauður langalgengastur. Af tvílitum eru huppóttur og skjöldóttur mest áberandi. Dætur Baggalúts eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar, fituhlutfall í mjólk hátt en próteinhlutfall fremur lágt. Þessar kýr eru tæplega meðalstórar, boldýpt og útlögur litlar og yfirlína veik. Malir eru grannar og hallandi. Þær eru frekar nástæðar en fótstaða fremur góð að öðru leyti. Í góðu meðallagi háfættar kýr. Júgurgerð er góð, þau eru ágætlega löguð með sterkt júgurband og vel borin. Spenagerð er úrvalsgóð, spenar nettir og mjög vel settir. Mjaltir eru góðar en skap undir meðallagi.

Baggalútur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Reykur 06040 frá Reykjum á Skeiðum.

F: Fontur 98027, m: Rós 40, mf: Kaðall 94017

Rúmlega tveir þriðju hlutar afkvæma Reyks eru tvílit þar sem mest er um huppóttan og skjöldóttan. Af grunnlitum er rauður algengastur. Dætur Reyks eru mjög afurðasamar hvað mjólkurlagni snertir og fituhlutfall í mjólk er hátt. Próteinhlutfall er hins vegar fremur lágt. Þetta eru fremur sterkbyggðar og stórar kýr, með góða boldýpt og miklar útlögur en aðeins veika yfirlínu. Malir eru breiðar og vel gerðar, fremur þaklaga. Fótstaðan er gleið og mjög sterkleg. Kýrnar eru í tæpu meðallagi háfættar. Júgurgerð er í meðallagi, fremur vel löguð júgur en meðalgóð festa. Spenagerð er í meðallagi. Mjaltir og skap um meðallag þó aðeins beri á mismjöltum.

Reykur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Mikki 06042 frá Efra-Ási í Hjaltadal.

F: Umbi 98036, m: Mýsla 281, mf: Krossi 91032

Rúmlega tveir þriðju hlutar afkvæma Mikka eru einlitir þar sem mest er um rauðan og bröndóttan. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Dætur Mikka eru mjög mjólkurlagnar og fituhlutfall í mjólk er hátt. Hins vegar er próteinhlutfall undir meðallagi. Þetta er tæplega meðalstórar kýr, bolgrunnar og fremur útlögulitlar en yfirlína bein. Malir eru fremur grannar en vel gerðar og kýrnar eru nokkuð nástæðar og í góðu meðallagi háfættar. Júgurgerð er fremur veik, skortir aðeins á festu, júgurband undir meðallagi sterkt og júgrin í tæpu meðallagi vel borin. Spenar eru ágætlega gerðir, fremur stuttir en spenastaða fremur gleið. Mjaltir eru í meðallagi þó nokkuð beri á mismjöltum og skapið er breytilegt.

Mikki verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Töfri 06043 frá Ytri-Tjörnum í Eyjafirði.

F: Umbi 98036, m: kúba 544, mf: Kaðall 94017

Rúmlega tveir þriðju hlutar afkvæma Töfra eru tvílit þar sem mest ber á skjöldóttum. Algengasti grunnlittur er rauður. Dætur Töfra eru afurðasamar hvað varðar mjólkurmagn en verðefnin eru fremur slök. Kýrnar eru í meðallagi útlögumiklar og með nokkuð sterka yfirlínu en boldýpt er í tæpu meðallagi. Fótstaða er góð. Malir eru í meðallagi breiðar og hæfilega þaklaga. Háfættar kýr. Júgurgerð er yfir meðallagi góð og júgurband sterkt. Spenar eru mjög vel lagaðir og vel settir en örlítið stuttir og grannir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi en skapið er gott.

Töfri verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Taktur 06046 frá Egilsstaðakoti í Flóa.

F: Fontur 98027, m: Ljósbrá 363, mf: Túni 95024

Um helmingur afkvæma Takts er einlitur og eru rauður og bröndóttur algengastir. Af tvílitum koma huppóttur og skjöldóttur oftast fyrir. Taktsdætur eru ákaflega mjólkurlagnar en hlutfall verðefna í mjólk er lágt. Þessar kýr eru meðalstórar, fremur bolgrunnar, í meðallagi útlögumiklar með örlítið veika yfirlínu. Malir eru breiðar, sterklegar og vel gerðar. Fótstaðan er gleið en örlítið veik og kýrnar eru yfir meðallagi háfættar. Þetta eru frekar júgurhraustar kýr með aðeins veika júgurgerð, lítilla skortir á festu en júgurband er sterkt. Spenagerð er ágæt og spenasetning er allgóð. Mjaltir eru undir meðallagi þar sem nokkuð ber á seinum mjöltum og mismjöltum. Skap þessara gripa er um meðallag.

Taktur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Raftur 06047 frá Akri í Eyjafirði.

F: Umbi 98036, m: Stássa 315, mf: Kaðall 94017

Mikill meirihluti afkvæma Rafts er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum. Af grunnlitum er rauður langmest áberandi. Dætur Rafts eru ekki sérlega mjólkurlagnar en hlutfall próteins í mjólk er fremur hátt. Þetta eru allstórar kýr, fremur bolgrunnar þó með meðalmiklar útlögur. Malabygging er sterkleg og fótstaðan fremur gleið og sterk. Kýrnar eru yfir meðallagi háfættar. Júgurgerð er í góðu meðallagi, júgurband áberandi sterkt. Spenagerð er góð og þeir eru vel settir. Mjaltir eru mjög góðar og skap um meðallag.

Raftur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.